

56. fundur stjórnar Brunavarna á Austurlandi, stjórn fundar í fjarfundi, kl. 11:00

Mætt: Björn Ingimarsson, Jón Þórðarson, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Sara Elísabet Svansdóttir og Gunnþórunn Ingólfssdóttir. Gauti Jóhannesson boðaði forföll.

Haraldur Geir Eðvaldsson slökkviliðsstjóri situr fundinn með stjórn.

Björn Ingimarsson formaður stjórnar fundi.

1. Framtíð samlags um brunavarnir

Björn greindi frá umræðu framtíð byggðasamlags um Brunavarnir á Austurlandi, sem farið hefur fram meðal sveitarfélaganna sem nú eru í sameiningarferli m.a. um hvort leggja eigi samlagið niður. Í umræðu stjórnarmanna kom fram að það þyrfti að taka umræðuna um framtíð samlagsins með Vopnafjarðarhreppi og Fljótsdalshreppi og fá yfirlit frá endurskoðanda samlagsins um hvernig standa eigi að málum, ef breytingar verða gerðar.

2. Æfingarsvæði slökkviliða Brunavarna

Haraldur kynnti stjórnarmönnum að æfingarsvæði slökkviliða eigi að vera vottuð af heilbrigðiseftirliti, svo sé ekki hjá Brunavörnum á Austurlandi. Bíll sem reykköfunargámur er fluttur á er lélegur og líklegt að kostnaður verði allverulegur eigi að halda áfram sama fyrirkomulagi þ.e. að flytja gáminn til slökkviliðanna og æfa í heimabyggð, auk þess sem líklegt er að kostnaður við að koma upp vottuðum svæðum sé nokkur.

Haraldur hefur rætt við ISAVIA, sem er með vottað æfingarsvæði á Egilsstöðum um að fá að samnýta það svæði og hefur því ekki verið illa tekið. Ef af yrði verður reykköfunargámurinn staðsettur þar og slökkvilið frá öðrum svæðum Brunavarna þyrftu að koma í Egilsstaði til æfinga.

Tillaga Haraldar samþykkt af stjórn með þeim fyrirvara að jákvæð niðurstaða fái í viðræðum við ISAVIA um nýtingu þess svæði þeirra og slökkviliðin setji sig ekki upp á móti þessu fyrirkomulagi.

3. Ráðningarsamningur við slökkviliðsstjóra

Samningur sem gerður var við slökkviliðsstjóra til eins árs, rennur út í lok júlí. Formanni falið að skoða með endurskoðanda varðandi framlengingu ráðningarsamningsins.

4. Brunavarnaráætlun Austurlands

Haraldur fór yfir að ólokið er kafla um veitumál og gjaldskrá, en telur að í haust eigi áætlunin að verða tilbúin til framlagningar.

5. Önnur mál

Gunnþórunn sagði að þetta yrði síðasti fundur hennar sem stjórnarmanns í Brunavörnum á Austurlandi og gert væri ráð fyrir að nýr sveitarstjóri í Fljótsdalshreppi taki sæti hennar þar.

Fleira ekki tekið til umræðu og fundi slitið kl 11:45

Gunnþórunn ritaði fundargerð